

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

#### 1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett í samræmi við 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009

#### 2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Álagningarstuðull fyrir fráveitugjald er 0,335% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

#### 3. gr.

Gjaldið skal innheimtast með fasteignagjöldum. Gjald dagar þessara gjalda skulu vera þeir sömu og annarra fasteignagjalda.

#### 4. gr.

Eiganda eða réttihafa fasteignar sem tengst getur fráveitu Seyðisfjarðar ber að greiða gjald fyrir tengingu við fráveitu Seyðisfjarðar, sbr. 13. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Gjaldið skal innheimt við útgáfu byggingarleyfis. Gjaldið stendur undir kostnaði við tengingar fráveitu og tekur mið af gerð, stærð og lengd tenginga. Með tengigjaldi er innheimt hlutdeild í stofnkostnaði við aðliggjandi fráveitukerfi. Af öllum nýbyggingum, hvort sem eru á eignar- eða leigulóðum á Seyðisfirði skal greiða tengigjald sem hér segir:

100-150 mm tenging (allt að 20 m löng)	189.000 kr.
150-200 mm tenging (allt að 20 m löng)	230.000 kr.

Þar sem sérstakar aðstæður eru til staðar eða tenging er lengri en 20 metrar skal lóðarhafi greiða raunkostnað við að tengja viðkomandi fasteign við fráveitu Seyðisfjarðar.

#### 5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er af bæjarstjórn Seyðisfjarðar og samþykkt á fundi hennar 13. desember 2017 staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir fráveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar nr. 1315/2016.

*Seyðisfirði, 18. desember 2017.*

**Vilhjálmur Jónsson** bæjarstjóri.